Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Noland arkitektar
Laugavegi 178
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. mars 2021
*MÍ*202103-0024/ 6.06 / 2650

**Kirkjuvegur 9, Hafnarfjörður - viðbygging**

Í tölvupósti dags. 4. mars 2021 leitar Gunnar Logi Gunnarsson arkitekt eftir áliti Minjastofnunar Íslands vegna Kirkjuvegar 9. Með erindinu fylgja uppdrættir Noland arkitekta af breytingunni, dagsettir 25.1.2021. Sótt er um leyfi til að reisa viðbyggingu vestan við húsið.

Kirkjuvegur 9 er tvílyft timburhús á kjallara. Skv. Fasteignaskrá er það byggt árið 1906 og er því friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Eigendum friðaðra húsa er skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa.

*Minjastofnun Íslands heimilar gerð viðbyggingar vestan við húsið, skv. uppdráttum Noland arkitekta. Húsið er talsvert breytt og hefur verið stækkað en það stendur fallega við enda Kirkjuvegar. Viðbyggingin er látlaus og hefur ekki áhrif á ásýnd hússins frá götu. Komi í ljós fornminjar við uppgröft skal stöðva framkvæmdir og tilkynna Minjastofnun um fundinn án tafar.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

María Gísladóttir
arkitekt, verkefnastjóri

Þór Hjaltalín
minjavörður Reykjaness

*Afrit í tölvupósti:*
Gunnar Logi Gunnarsson arkitekt (gunar@noland.is)
Hafnarfjarðarbær, Umhverfis- og skipulagsþjónusta (hafnarfjordur@hafnarfjordur.is)
Byggðasafn Hafnarfjarðar (bp@hafnarfjordur.is)

*Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33.,, 34. og 35. eru kæranlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*